

Landssamband DKG

Sjötti fundur stjórnar landssambands DKG á Íslandi, var haldinn á Skype 8. mars 2018 og hófst kl. 17.00.

Mættar: Jóna Benediktsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Magnea Steinsson, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Jónína Hauksdóttir og Eygló Björnsdóttir. Jensína Valdimarsdóttir tók þátt í umfjöllun um 3 fyrstu liðina.

Dagskrá:

1. **Vorþing.** Dagskrá þingsins liggur fyrir. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um kostnað vegna þingdagsins, en kvöldverður kostar 7.080.-. Samþykkt að þáttökugjaldið verði 4.500.- kr. og verð fyrir kvöldverð 7.000.- kr. Skráning fer fram með greiðslu þáttökugjaldsins inn á reikning landssambandsins. en mögulegt verður fyrir utanfélagskonur að greiða þáttökugjald á staðnum. Sama þáttökugjald verður fyrir gesti utan DKG. Forseti mun leggja drög að auglýsingu á viðburðinum.
2. **Kosningar í samtökunum og breytingar á samþykktum.** Í undirbúningi var tillaga um að þátttakendur á alþjóðþinginu hefðu eitt atkvæði hver í stað þess að forseti greiði atkvæði fyrir hönd þjóðar sinnar, sem hafi vægi í hlutfalli við stærð samtakanna. Fram hefur komið að slíkt fyrirkomulag sé óhagstætt fyrir Evrópuþjóðir, þar sem mæting á þinginu er yfirleitt fremur slök. Líklegt er að þessi tillaga verði dregin til baka. Stjórn landssambands DKG stendur einhuga að baki fyrra fyrirkomulagi kosninga.
3. **Undirbúningur fyrir ráðstefnuna 2019.** Fulltrúi höfuðstöðvanna ,Phyllis Hickey, hefur verið í sambandi við Hótel Natura og gengið hefur verið að tilboði vegna ráðstefnunnar, en alþjóðasamtökin gera samninginn og taka líka á sig halla, ef um það verður að ræða. Samið var um heimild til að hætta við annan kvöldverðinn þegar nær dregur ráðstefnunni og er þá möguleiki að fara á annan veitingastað.

Samþykkt var að fá Stefnu, sem er vefhýsingaraðili DKG á Íslandi, til að búa til skráningarsíðu fyrir ráðstefnuna. Skráningarsíðan yrði tengd greiðslumiðlunarfyrtæki Valitor eða Borgun þannig að hægt sé að kaupa viðburði á síðunni. Þetta mun kosta um 200 þúsund krónur.

Rætt var um kynningu á ráðstefnunni 2019 á alþjóðaráðstefnunni í Austin, Texas. Samþykkt var að fela kynningarhópi að búa til kynningarefni.

4. **Sölubásar og sýningar í Austin.** Póstur hefur borist frá alþjóðasamtökunum um möguleika á básum, til kynningar eða sölu á varningi. Samþykkt var að þiggja frían bás til að kynna ráðstefnuna og þá væri líka hægt að setja upp myndir frá Íslandi og dreifa fleiri bæklingum t.d. um Reykjavík.
5. **Evrópufórum.** Tilkynning um nýjan fulltrúa Íslands Helgu M. Steinsson hefur ekki skilað sér til samtakanna. Forseti mun fara yfir málið. Helga tekur ekki við fyrr en í haust.
6. **Önnur mál.**

7. a) Forseti mun fara beint frá Ísafirði til Egilsstaða á vorþingið og þarf ekki að koma við í Reykjavík vegna erlendra gesta. Hún getur því ekki boðið far frá Reykjavík.
- b) Forseti sagði frá fundi sem haldinn var 24. janúar með Lambdadeildinni til að aðstoða þær með starfið. Forseti og varaforsetar ásamt gjaldkera tóku þátt í þessum fundi með tveimur fulltrúum Lambdadeildar.
- c) Rætt var um fréttir í forsetabréfið í lok mars. Fram kom að fréttabréf eru ekki send út á sumrin. Kristín Helga hefur beðið um myndbönd með félagskonum sem segja frá því hvers vegna þær gengu í DKG. Forseti mun segja frá þessu í næsta fréttabréfi.
- e) Einnig var rætt um þekkingarhnappinn og félagatalið.
8. Næsti fundur verður haldinn í tengslum við vorþingið á Egilsstöðum. Stefnt er að því að fundurinn verði haldinn að kvöldi 4. maí

Fundi var slitið um kl. 18.40